

Isavia ohf.  
Reykjavíkflugvelli  
101 Reykjavík



Reykjavík, 7. nóvember 2018

## **Efni: Upplýsingar um kostnaðargreiningu vegna gjaldtöku við Keflavíkflugvöll**

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) vísa til fréttar Isavia á heimasíðu fyrirtækisins frá 2. nóvember sl. þar sem tilkynnt er um nýtt gjald til bráðabirgða á ytri hóp bifreiðastæðum við Keflavíkflugvöll sem tók gildi 5. s.m. og mun gilda þar til mál fyrirtækisins og Samkeppniseftirlitsins um forsendur og tilhögun gjaldtöku á stæðunum hefur verið leitt til lykta. Er um að ræða viðbrögð Isavia við þeim ákvörðunum sem nú þegar liggja fyrir í umræddu máli, nú síðast niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 22. október sl. í máli nr. 2/2018.

Samkvæmt áðurnefndri frétt Isavia um breytta gjaldtöku mun hóp bifreið, sem tekur allt að 19 farþega, greiða 3.200 krónur fyrir hvert skipti sem farþegar eru sóttir í flugstöðina. Bifreið sem tekur 20-45 farþega greiði 7.400 krónur og bifreið sem tekur 46 farþega eða fleiri greiði 9.900 krónur.

Eins og fram kemur m.a. á bls. 11 í áðurnefndu máli er það mat Samkeppniseftirlitsins að gjaldtaka Isavia á umræddum stæðum sé margfalt hærri en sá kostnaður er til fellur við að veita þjónustuna. Telur Samkeppniseftirlitið að verðið sé rúmlega 30 sinnum hærra en kostnaðurinn. Með hliðsjón af hinni breyttu gjaldtöku, og þeim gjöldum sem nú eru innheimt, sem og þeirri skoðun Samkeppniseftirlitsins um að þáverandi gjaldtaka hafi verið allt að 30 sinnum hærri en kostnaður við að veita þá þjónustu þá er upphæð gjaldsins enn ekki nærri raunkostnaði við hina veittu þjónustu að teknu tilliti til ábendinga eftirlitsins.

SAF benda á að gjaldtöku opinberra aðila sem grundvallast á sjónarmiðum um innheimtu þjónustugjalda er sett ákveðin skilyrði er snýr að grundvelli og umfangi gjaldtökkunnar. Við afmörkun á því hvaða kostnaðarliði heimilt er að leggja til grundvallar á fjárhæð þjónustugjalds verður að hafa í huga að stjórnvaldi er aðeins heimilt að taka gjald fyrir beinan kostnað eða kostnað sem er í nánum og efnislegum tengslum við þá þjónustu eða starfsemi sem sérstaklega er tilgreind í viðhlítandi gjaldtökuheimild, en að jafnaði er ekki heimilt að líta til annarrar og óskyldrar starfsemi stjórnvaldsins, sbr. t.d. álit umboðsmanns Alþingis í málum nr. 1041/1994 og nr. 4189/2004 sem og álit setts umboðsmanns í máli nr. 5530/2008. Þá má leiða af skilyrðum 40. og 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, að stjórnvaldi er með öllu óheimilt að afla almennra rekstrartekna með innheimtu þjónustugjalda.

Því er mikilvægt að til staðar liggi kostnaðargreining á umfangi veittrar þjónustu en hlutverk slíkrar greiningar er því að tryggja að útteiling á kostnaði á vörur og þjónustu opinbers aðila verði með sanngjörnum og skynsamlegum hætti. Kostnaðargreiningu er þannig ætlað að halda utan um allan kostnað og sýna jafnframt fram á að ákvörðun um gjaldskrá sé byggð á traustum og vönduðum útreikningi á þeim kostnaðarliðum sem liggja til grundvallar.

Er það skoðun SAF að með hliðsjón af ábendingum Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála, og viðbrögðum Isavia í málinu, að þá hljóti fyrirtækið að grundvalla hina breyttu gjaldtöku á vel ígrundaðri kostnaðargreiningu sem taki hliðsjón af

raunkostnaði við að veita þá þjónustu sem hér um ræðir. Því ætti slík greining að liggja þegar fyrir.

Þá ítreka SAF afstöðu samtakanna til gjaldtöku Isavia ohf. sem fram kom í ályktun stjórnar samtakanna frá 14. desember 2017 þar sem skorað er á Isavia að endurskoða áform um gjaldtöku á hópþifreiðar.

SAF eru ekki mótfallin gjaldtöku eins og bílastæðagjöldum, en gjaldtakan þarf hins vegar að hafa skýran tilgang og grundvallast á skýrri kostnaðargreiningu eins og lög gera ráð fyrir. Það er verulegt hagsmunamál fyrir SAF og aðildarfyrirtæki samtakanna að gjaldtaka opinberra aðila sé hafin upp yfir allan vafa hvað grundvöll hennar varðar sem og hugað sé að þeim kvöðum sem hvíla á slíkri gjaldtöku, s.s. með hliðsjón af meginreglum stjórnsýsluréttarins og samkeppnislögum.

Í ljósi þessa, að teknu tilliti til bráðabirgðaákvörðunar Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála, skora SAF á Isavia að fresta gjaldtöku á umræddum stæðum á meðan mál þetta er til umfjöllunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Þá óska samtökin, þar sem hinn umþrætta gjaldtaka hefur veruleg áhrif á starfsemi aðildarfyrirtækja SAF, eftir upplýsingum um kostnaðargreiningu þá sem hin breytta gjaldtaka grundvallast á.

Er framangreindu komið hér með á framfæri við Isavia.



Jóhannes Þór Skúlason  
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar